

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Jón Prándur Stefánsson
Sent: föstudagur, 21. apríl 2023 09:12
Til: Sigurbjörg Óladóttir
Efni: FS: byggðakvóti-22-23.
Viðhengi: 12.fundur-2022-ll.pdf

Frá: Eva Sigurbjörnsdóttir <arneshreppur@arneshreppur.is>
Sent: miðvikudagur, 19. apríl 2023 13:18
Til: Jón Prándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Efni: byggðakvóti-22-23.

Sæll Jón Prándur.

Hreppsnefnd Árneshrepps tók fyrir á fundi sínum 29. desember s.l. skjalið „Úthlutun á byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2022/2023“. Hreppsnefnd lýsti yfir mikilli ánægju með stækkun kvótans, þar sem Norðurfjarðarhöfn hefur virkilega sprungið út sem aðstaða fyrir strandveiðar og aðra smábátaútgerð. **Viðeigandi fundargerð fylgir með í viðhengi, sjá lið 2.** Aukning kvótans er mjög mikilvæg til þess að ýta undir enn frekari viðveru og mun jafnframt lengja veiðitímabilið í báða enda, vor og haust. Þeir útgerðaraðilar sem eru með heimilisfesti í Árneshreppi og/eða eru með útgerð sína skráða í sveitarfélaginu, geta sótt um að fá úthlutun úr byggðakvóta Árneshrepps. Hreppsnefnd fól mér að senda bréf til Matvælaráðuneytisins varðandi aðstæður okkar og ástæður þess að við óskum eftir undanþágu frá vinnsluskyldu svo sem við höfum gert mörg undanfarin ár. Fyrst og fremst er þessi beiðni lögð fram vegna skorts á 3ja fasa rafmagni, að vísu eru horfur á því að lagður verði hingað 3ja fasa strengur síðar á þessu ári en það er þó ekki alveg 100% öruggt, og það tekur sinn tíma að koma þrífösun á öll hús/fyrirtæki. Fyrst og fremst er ástæðan þó sú að hér er skortur á mannafla til að hægt sé að opna fiskvinnslu, en auðvitað geta þau mál breyst í framtíðinni, ekki síst ef íbúum fjölgar hérna hjá okkur. Hreppsnefnd óskar eftir að eftirfarandi atriði varðandi löndunarskyldu og niðurfellingu vinnuskyldu verði tekin til greina á eftirfarandi hátt:

- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði; Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.
- Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður; telst hafa verið landað til vinnslu.

Hreppsnefnd vonast eftir að hægt verði að taka erindið fyrir sem fyrst svo að þeir sem uppfylla skilyrði sveitarfélagsins, geti sótt um og fengið úthlutað kvóta sem fyrst.

Með bestu kveðju,

Fyrir hönd hreppsnefndar Árneshrepps,

Eva S.

Eva Sigurbjörnsdóttir
oddviti Árneshrepps
sími skrifstofa 451-4001
GSM 847-2819

